

## Menntamálaráðherra friðar sjö hús

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að fenginni tillögu húsafríðunarnefndar að friða eftirtalin hús, sem öll eru reist á 20. öld. Friðunin nær til ytra borðs húsanna.

- » **Lindargata 51**, Franski spítalinn, var reistur árið 1902 og var eitt þriggja sjúkrahúsa franska spítalafélagsins á Íslandi
- » **Dyngjuvegur 8**, Gunnarshús, heimili Gunnars Gunnarssonar rithöfundar og fjölskyldu hans, reist árið 1950. Húsið var teiknað af Hannesi Kr. Davíðssyni arkitekt.
- » **Menntaskólinn v/Hamrahlíð**, sem byggður var árið 1966 og teiknaður af Skarphéðni Jóhannssyni arkitekt.
- » **Sjómannaskólinn v/Háteigsveg**, var byggður á árunum 1942-45 og teiknaður af arkitektunum Sigurði Guðmundssyni og Eiríki Einarssyni. Það sem m.a. gerir bygginguna óvenjulega er að innsinglingarviti Reykjavíkurhafnar er felldur inn í form hússins sem turn.
- » **Sólheimar 5**, sem reist var 1957-59 af Gunnari Hanssyni húsaateknara. Hann bjó sjálfur í húsinu með fjölskyldu sinni og er það gott dæmi um byggingarlist hans. Upphafleg hönnun hússins hefur varðveist að utan sem innan án breytinga.
- » **Tómasarhagi 31**, var reist á árunum 1953-54 og teiknað af Gísla Halldórssyni arkitekt. Þetta er talið eitt merkasta verk Gísla í listrænu tilliti.
- » **Skriðuklaustur í Fljótsdal** sem Gunnar Gunnarsson skáld lét reisa árið 1939 og teiknað var af þýska arkitektinum Fritz Höger. Íbúðarhúsið að Skriðuklaustri er sérstætt með miklu listrænt og menningarsögulegt gildi og var heimili Gunnars Gunnarssonar skálds á árunum 1939-48.



Skriðuklaustur

## Innritun í framhaldsskóla fyrir skólaárið 2008-2009

Innritun í framhaldsskóla fyrir komandi skólaár er hafin og stendur til miðnætis miðvikudagsins 11. júní. Öll innritun í dagskóla fer fram á netinu. Innritunin er rafræn og er framkvæmd á vefnum [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is). Nemendur í 10. bekk hafa fengið lykilorð sem opnar þeim persónulegan aðgang að innrituninni. Foreldrar/forráðamenn hafa einnig fengið bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem gerð er grein fyrir fyrirkomulagi innritunarinnar. Þeir sem luku grunnskóla 2007 eða fyrr þurfa að sækja um veflykil á [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is).

Nemendur 10. bekkjar þurfa ekki að senda afrit af prófskráttinum úr 10. bekk með umsóknum. Einkunnirnar verða sendar rafrænt til þess skóla sem sótt er um. Nánari upplýsingar er að finna á [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is).

## Styrkir til að semja próf í lestrarfærni

Menntamálaráðuneytið auglýsir nú eftir umsóknum um styrki til að semja lestrarpróf fyrir grunnskólanemendur. Styrkveitingar þessar eru liður í aðgerðum ráðuneytisins sem miða að því að efla lestrarkennslu og bæta þjónustu við nemendur með lestrarerfiðleika. Áætlaðað er að um fimm milljónum verði varið til þessa verkefnis.

Lögð verður áhersla á að styrkja gerð prófa sem miða að því að mæla lesskilning, lestrarhraða og/eða getu til að nýta lestrarfærni hjá nemendum í 1. - 10. bekk. Í umsóknum skal gefa ítarlegar upplýsingar um markmið með prófinu, áætluð verklok, fyrirhugaða útgáfu og dreifingu. Einnig þarf að fylgja umsókn sundurliðuð kostnaðaráætlun þar sem m.a. koma fram upplýsingar um aðra styrki eftir því sem við á. Umsóknarfrestur er til 13. júní 2008.

Nánari upplýsingar veitir Erna Árnadóttir í síma 545-9500 eða í tölvupósti á [erna.arnadottir@mrn.stjr.is](mailto:erna.arnadottir@mrn.stjr.is)

## Heilsuefning

Í nóvember árið 2007 var skrifað undir samstarfssamning af hálfu [menntamálaráðuneytis](#), [heilbrigðisráðuneytis](#), [Lýðheilsustöðvar](#), [Sambands íslenskra framhaldsskóla](#) og [Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskóla](#) um verkefnið Heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum.

Inntak verkefnisins er í stuttu máli að stuðla að bættri almennri líðan og heilsu nemenda, að efla forvarnir gegn vímuefnum í framhaldsskólum, að bæta og efla ráðgjöf við nemendur á sem flestum sviðum sem snerta velferð þeirra og að hvetja nemendur til að taka ábyrgð á eigin heilsu og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.

Verkefnið er til þriggja ára og verkefnisstjóri hefur verið ráðin Jóhanna María Eyjólfadóttir.

## Þróunarsjóður leikskóla

Úthlutað hefur verið úr Þróunarsjóði leikskóla fyrir skólaárið 2008-2009. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróunarverkefnum í leikskólum með hliðsjón af aðalnámsskrá leikskóla. Með þróunarverkefnum er átt við nýjungar, tilraunir og nýbreytni í leikskólastarfi.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki til þróunarverkefna á tveimur forgangssviðum:

- » Hvernig læra leikskólabörn?
- » Barnamenning - leikir og listir leikskólubarna.
- » Auk þess var auglýst eftir almennum þróunarverkefnum.

Menntamálaráðherra hefur ákveðið, að tillögu úthlutunarnefndar, að veita styrki að uppæð alls rúmlega 5 millj. kr. til 9 verkefna skólaárið 2008-2009.

Nánari upplýsingar um úthlutunina má finna á [vef ráðuneytisins](#).

## Nýr framhaldsskóli á Ólafsfirði

Jón Eggert Bragason hefur hafið störf í menntamálaráðuneyti sem verkefnastjóri við að undirbúa stofnun nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Jón er kennari og fagstjóri í stærðfræði við Menntaskólann í Kópavogi og hefur fengið tímabundið leyfi frá þeim störfum.

Á síðasta ári skipaði menntamálaráðherra stýrihóp til að undirbúa að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð til að móta hugmyndir um námsframboð og staðsetningu fyrirhugaðs skóla. Stýrihópurinn hefur unnið að framgangi málsins í samstarfi við heimamenn. Samkomulag liggur nú fyrir milli sveitarfélaga við Eyjafjörð um að nýr skóli verði staðsettur á Ólafsfirði og að stefnt skuli að því að skólahald hefjist haustið 2009.

